

Ísafjarðarbær
MÓTTAKID
18 JULI 2007
Málsnr. 2007-01-0079
Frumrit - skilist til skjalasafns

FRUMRIT.

Samstarfssamningur Héraðssambands Vestfirðinga og Ísafjarðarbæjar.

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði og Héraðssamband Vestfirðinga (HSV), Hafnarstræti 18, 400 Ísafirði, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

1. gr. Markmið og verkefni.

Markmið samningsins er að:

- Auka gæði íþróttastarfs í Ísafjarðarbæ og fjölga þátttakendum.
- HSV í samstarfi við Ísafjarðarbæ vinni að heilsueflingu innan sveitarfélagsins.
- Efla starfsemi og fagleg vinnubrögð HSV.
- Efla forvarnastarf íþróttafélaganna í gegnum HSV.
- Efla samstarf og samráð íþróttafélaga sveitafélagsins.
- Bæta samstarf og samráð HSV og Ísafjarðarbæjar.
- HSV forgangsraði framkvæmdum og geri um það tillögu til Ísafjarðarbæjar.
- HSV forgangsraði styrkhæfum verkefnum íþróttafélaganna.
- Öll erindi íþróttafélaga skulu fara í gegnum HSV og verða afgreidd þar. HSV gerir tillögu um stærri mál til Ísafjarðarbæjar.
- HSV verði tengiliður vegna allra samninga sem gerðir verða við íþróttafélögin.

Helstu verkefni:

- Taka við öllum erindum íþróttafélaga, afgreiða og/eða gera tillögur um afgreiðslu til Ísafjarðarbæjar
- Afgreiðsla einstakra styrkja svo sem:
Úthlutun afnota félaga í íþróttamannvirkjum.
Úthlutun fjármagns í einstök verkefni.
Úthlutun húsaleigustyrkja vegna íbúðarhúsnæðis til íþróttafélaga.
- Umsjón með afreksmannasjóði Ísafjarðarbæjar.
- HSV í umboði íþróttafélaganna geri samninga við Ísafjarðarbæ.
- HSV tekur við ábendingum frá sveitafélaginu um samningsbundna þætti, bæði efndir og vanefndir

Til að sinna ofangreindum verkefnum setji HSV verklagsreglur til að tryggja gegnsæi í vinnubrögðum og móti sér forvarnarstefnu, sem unnið verður eftir af öllum félögum innan HSV.

2. gr. Um samninginn.

Samningi þessum er ætlað að efla samstarf innan íþróttahreyfingarinnar og á milli bæjaryfirvalda Ísafjarðarbæjar og HSV, tryggja jafnframt öflugt og gott íþrótt- og tómstundastarf fyrir börn og unglinga í Ísafjarðarbæ samkvæmt stefnu félaganna þar um.

Samningurinn skal stuðla að framgangi og starfsemi íþróttafélaga í bænum, með það að leiðarljósi að öllum börnum og ungmennum sveitarfélagsins gefist kostur á að taka þátt í góðu, fjölbreyttu og uppbyggilegu íþróttastarfi, þar sem skipulega verði unnið með forvarnir íþróttastarfs.

HSV mun hafa umsjón með styrkveitingum til félagasamtaka eða einstaklinga sem stuðla að heilsueflingu eða almennri hreyfingu innan sveitarfélagsins. Skal HSV sjá um eftirlit með þeim styrkveitingum og að þau verkefni skili tilætluðum árangri í samræmi við þær úthlutunarreglur sem HSV setur hverju sinni.

3. gr.

Umboð HSV.

HSV hefur umboð aðildarfélaganna, til þess að fara með samskipti milli félaganna og Ísafjarðarbæjar, enda er það stefna Ísafjarðarbæjar, að samskipti við íþróttafélögin fari í gegnum HSV. Stjórn HSV sinnir erindum aðildarfélaganna, sem annars bærust Ísafjarðarbæ, í fullri samvinnu við viðkomandi aðildarfélag og fylgir afgreiðslu þeirra eftir.

Öll erindi frá félögum innan HSV, til bæjaryfirvalda, skulu send bréflega til stjórnar HSV, sem afgreiðir eða gerir tillögu til Ísafjarðarbæjar um afgreiðslu. Ísafjarðarbær skal jafnframt kappkosta að svara öllum innkomnum erindum bréflega eins fljótt og kostur er. Að sama skapi skulu erindi frá Ísafjarðarbæ til einstakra íþróttafélaga berast HSV, sem vinnur þau með viðkomandi íþróttafélögum.

Stjórn HSV hefur yfirumsjón og eftirlit með því að aðildarfélög vinni af fagmennsku og samkvæmt stefnumörkun, sem sambandið setur í samráði við Ísafjarðarbæ.

4. gr

Styrkveitingar.


Almennar styrkveitingar til einstakra verkefna.

HSV fær árlega kr. 2.400.000.- til ráðstöfunar frá Ísafjarðarbæ í styrki til einstakra verkefna, sem HSV úthlutar eftir að áherslur og starfsáætlun hefur verið ákveðin hvert ár. Upphæðin er lágmarks fjárhæð, en getur hækkað með samþykkt í fjárhagsáætlun hvers árs. Samþykktar áherslur HSV skulu auglýstar um leið og auglýst er eftir umsóknum um styrki. Styrkveitingum er ætlað að efla íþróttastarf í sveitarfélaginu og auka aðgengi að einstökum íþróttagreinum. Taka skal mið af fyrri úthlutunum, starfssemi félags og möguleikum á að ná til nýrra hópa. Fyrir hverja úthlutun skal auglýst eftir umsóknum í blöðum, á heimasíðum HSV og Ísafjarðarbæjar, þar sem fram koma áherslur og umsóknarfrestur.

5. gr.

Húsaleigu- og æfingastyrkir.

Húsfríðunarnefnd HSV er ætlað það hlutverk, að úthluta tímum til íþróttafélaga í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar samkvæmt reglum þar um. Úthlutunin tíma færist sem styrkur Ísfjarðarbæjar til viðkomandi félags.

Handwritten signatures in black ink, appearing to be 'Pab' and 'Jón'.

Styrkveiting nær til félags, sem er fullgildur aðili að HSV. Styrkurinn nær til íþrótaæfinga barna og unglinga skv. skilgreiningu ÍSÍ, auk þess meistaraflokka karla og kvenna í hóp og einstaklingsíþróttum. Miðað er við að greiða að fullu kostnað fyrir æfingaaðstöðu þeirra félaga, sem reka barna- og unglingastarf innan þess ramma, er úthlutun nær til hverju sinni. Þau félög sem ekki hafa barna- og unglingastarf eða eru ekki fullgildir aðilar HSV, skulu sækja sérstaklega um og skal meta styrkhæfni þeirra hverju sinni. Leiga í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar er styrkhæf.

Samkvæmt samningi þessum fær HSV úthlutað 7.928 tímum í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar á ári, metið að upphæð kr. 32.200.000.-. Auk þess reiknast kr 755.000.- vegna afnota af skíðasvæði og 1.000 tímar á íþróttavöllum, metið að upphæð kr. 2.973.000.-. Fjöldi íþróttatíma endurskoðast árlega fyrir 1. maí ár hvert á grundvelli skýrslu HSV og skal sú endurskoðun vera grundvöllur nýrrar úthlutunar og samþykkjast af íþróta- og tómstundanefnd og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, áður en HSV úthlutar til einstakra íþróttafélaga. Öll notkun íþróttafélaga af íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar skal skráð og afrit send HSV mánaðarlega.

Úthlutanir eru aðallega tvisvar á ári, vetrarúthlutun fyrir tímabilið september til maí, og sumarúthlutun fyrir tímabilið júní til ágúst. Til að koma til greina varðandi úthlutun tíma og húsaleigustyrkja verður viðkomandi íþróttafélag, að senda HSV umsókn sem er tekin fyrir í húsfriðunarnefnd og afgreidd þaðan. Umsóknir um úthlutanir berist vor og haust. Félagin skulu skila inn til HSV stundatöflu yfir æfingar með sundurliðun yfir deildir og aldursflokka. Stundatöflum skal einnig skilað til viðkomandi íþróttamannvirkis. Stundatöflum fylgi skrá yfir kennara og/eða þjálfara hvers flokks ásamt iðkendum. Ekki er heimilt að æfing í barna- og unglingaflokkum fari fram, nema þjálfari sé til staðar, samanber reglur um íþróttamannvirki.

Skráningar á nýtingu tíma verði í samræmi við reglur hússins/mannvirkisins.

Uppgjör húsaleigu miðast við samþykta gjaldskrá bæjarins. Uppgjör og greiðslur til félaga/mannvirkja fari fram að fengnum mánaðarskýrslum.

Tímar sem HSV fær úthlutað í íþróttamannvirkjum skulu nýttir á opnunartímum húsanna. Ef sérstakar óskir koma fram um aðra tíma þá skal afgreiða þær óskir sérstaklega enda séu þeir tímar innan úthlutaðs tímafjölda. HSV sér um samninga við félög um tíma utan opnunartíma mannvirkja.

Æfingatímum á stórhátíðum verður ekki úthlutað. Hafa skal samráð við forstöðumann hvers íþróttamannvirkis um mögulegan aðgang á slíkum dögum.

6. gr.

Afreksmannasjóður.

HSV tekur við stjórn og sér um úthlutun styrkja úr afreksmannasjóði Ísafjarðarbæjar og leitar leiða til að efla afreksmannasjóð og gera hann virkari. Ár hvert leggur Ísafjarðarbær sjóðnum til kr. 600.000.-, sem lágmark, en getur hækkað þá fjárhæð með samþykkt í fjárhagsáætlun hvers árs. Sjóðurinn úthlutar samkvæmt gildandi reglugerð sjóðsins.



7. gr.

Forgangur að íþróttamannvirkjum.

Ísafjarðarbær hefur forgang að notkun íþróttamannvirkja á skólatíma fyrir nemendur. Almenna reglan er að nemendur hafi fyrsta forgang svo íþróttafélög og síðan eru almennir tímar. Hliðra skal til æfingatímum félaga vegna sérstakra atburða á vegum sveitarfélagsins.

8. gr.

Uppbygging íþróttamannvirkja.

Þegar uppbygging íþróttamannvirkja er í samstarfi milli Ísafjarðarbæjar og íþróttafélags, skal samningur um eignaskipti liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast. Leggist starfsemi íþróttafélags niður fellur umsjá mannvirkis og eignarhluti viðkomandi íþróttafélags til HSV samkvæmt lögum sambandsins. Skal HSV leitast við að halda mannvirki í notkun og/eða stofna til nýs félags eða endurverkja hið fyrra. Hafi HSV ekki tók á þessu falla mannvirkin til Ísafjarðarbæjar.

Stjórn HSV skal forgangsraða framkvæmdum við íþróttamannvirki til fjögurra ára og endurskoða þá forgangsröðun á tveggja ára fresti. Sæki íþróttafélag um það til HSV, að ákveðin uppbygging fari fram, skal umsókn og umsögn samkvæmt forgangsröð berast Ísafjarðarbæ. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skal síðan á grundvelli þeirrar umsagnar ákveða hvort af framkvæmdum verður og skal svar berast HSV.

Ef HSV, íþróttafélag og bæjarstjórn eru sammála um að ráðist verði í framkvæmdir, skal gera um þær samning áður en framkvæmdir hefjast.

HSV skal senda íþrótt- og tómstundanefnd forgangsröðun sína fyrir 1. október ár hvert. Bæjarstjórn ákveður síðan framlög við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs á eftir. Ísafjarðarbær mun kappkosta að fara eftir samþykktri forgangsröðun HSV, um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Ísafjarðarbæ.

9. gr.

Styrkuppþæðir.

Rekstrarstyrkur Ísafjarðarbæjar til HSV er árlega kr. 5.775.000.-. Kr. 3.000.000.- skal varið til ráðningar starfsmanns HSV, enda tryggji starfsmaður framkvæmd verkefna samkvæmt samningi þessum. Kr. 2.775.000.- verði ráðstafað sem rekstrarframlagi til aðildarfélaga. Er hér um lágmarkfjárhæð að ræða, er getur hækkað með samþykkt í fjárhagsáætlun hvers árs. Styrkuppþæð þessa liðar tryggð með launavísitölu, sem er í janúar 2007 311,4 stig.

Stjórn HSV sér um að ráðstafa rekstrarframlaginu milli félaga með tilliti til umfangs barna- og unglíngastarfs þeirra, enda hafi HSV eftirlit með því að slíkt starf fari fram hjá viðkomandi félögum.

Greiðsludagar rekstrarstyrks Ísafjarðarbæjar til HSV skulu vera einu sinni í mánuði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Skila skal reikningum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar 20 dögum fyrir greiðsludag.

Stjórn HSV er heimilt að fella niður styrkveitingu til einstakra félaga innan HSV ef þau vinna ekki eftir þeirri stefnu HSV, sem mótuð verður og ef ekkert eiginlegt starf eða mjög lítið er innan viðkomandi félags.

10. gr.

Rekstrar og starfsskýrsla.

Stjórn HSV skuldbindur sig til að skila rekstrarskýrslum til íþróttá- og tómstundanefndar. Í rekstrarskýrslum skal aðgreina meistaraflokka frá barna- og unglíngastarfi og gera grein fyrir hvernig styrkjum hefur verið varið. Í skýrslunni skal m.a. koma fram:

- a. nýting fjármagns sem ætlað er til launa starfsmanns,
- b. starfshlutfall og helstu verkefni starfsmanns,
- c. í hvaða verkefni var úthlutað framlögum,
- d. skipting rekstrarframlaga til aðildafélaga og úthlutunarreglur,
- e. umsóknir um framlög til annarra sjóða,
- f. fjöldi iðkenda á bak við HSV,
- g. nýting á fjármagni Afreksmannasjóðs,
- h. fjárfestingar og samstarfsverkefni,
- i. fjöldi iðkenda í hverju verkefni sem HSV styrkir,
- j. fjöldi tímaúthlutana til íþróttafélaga í íþróttamannvirkjum,
- k. áhersla HSV fyrir árið og næsta starfsár,
- l. samþykktar stefnur HSV.

Rekstrarskýrslu skal skila til íþróttá- og tómstundanefndar fyrir 1. apríl ár hvert og er sú skýrsla forsenda fyrir áframhaldandi greiðslu samkvæmt samningi þessum.

Á samningstímanum mun HSV stuðla að því að gera starfseminu sýnilegri fyrir íbúum Ísafjarðarbæjar og gera íþróttá- og tómstundanefnd grein fyrir hvernig það er gert.

11. gr.

Fristundaskóli.

Samningsaðilar munu hafa samvinnu um að marka stefnu og móta starfsemi frístundaskóla Ísafjarðarbæjar.

12. gr.

Íbúðarhúsnæði fyrir íþróttafélög.

Ísafjarðarbær leggur HSV til íbúðarstyrk í formi afnota af fjórum íbúðum hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar ehf. HSV vinnur forgangsroðun milli íþróttafélaga varðandi úthlutun.


HSV er ekki heimilt að leigja íbúðirnar út á almennum leigumarkaði. HSV ber ábyrgð á skemmdum sem verða á íbúðunum á meðan á leigutíma stendur og greiðir kostnað vegna rafmagns og hita af íbúðunum.

13. gr.

Kappleikir, fjölliðamót og aðrir viðburðir.

Þegar kappleikir, fjölliðamót og aðrir viðburðir á vegum HSV, eða félaga innan raða þess, eru í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar, skal HSV eða félag innan raða þess, sjá um eftirfarandi:

1. uppsetningu auglýsingaskilta og frágang þeirra að leik loknum, samanber reglur þar að lútandi,



2. sölu aðgöngumiða,
3. veitingasölu,
4. gróf tiltekt á öllu því húsrými eða svæði sem íþróttafélagið hefur til afnota hverju sinni þegar íþróttaviðburðir fara fram, kappleikir eða fjölldamót. Það felst í því að taka mesta ruslið upp af því svæði sem notað var.

Skal umsjónarmaður kappleikja, fjölldamóta eða annarra viðburða félags, mæta a.m.k. einni klukkustund áður en mót hefst og taka á móti liðum og kynna þeim umgengnisreglur íþróttamannvirkjanna og sjá til þess að þeim sé framfylgt.

Þegar kappleikir, fjölldamót og aðrir viðburðir á vegum HSV eða félaga innan raða þess, eru í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar, skal Ísafjarðarbær sjá um eftirfarandi:

1. ræstingu á öllu því húsrými eða svæði sem íþróttafélagið hefur til afnota hverju sinni þegar íþróttaviðburðir fara fram, kappleikir eða fjölldamót,
2. gæslu og dyravörslu,
3. setja upp og ganga frá áhorfendabekkjum eftir grófþrif,
4. að mannvirki leigist út með uppsettum tækjum og áhöldum tilheyrandi mannvirkinu, sem nýta þarf vegna viðburðarins.

14. gr.

Þjálfarar.

Stjórn HSV skuldbindur öll félög innan sinna raða, til að hafa ákvæði í þjálfarasamningi, um að þjálfari eða staðgengill hans skulu vera mættir 10 mín. áður en æfing hefst. Þjálfar eða staðgengli hans ber að fara eftir reglum hússins og sjá um að keppendur fari einnig eftir þeim, sýni öguð samskipti, góða umgengni og fari að tilmælum starfsmanna.

15. gr.

Kynning á samningi.

Stjórn HSV skal sjá til þess að samningurinn verði kynntur fyrir stjórnnum félaga innan HSV, þjálfurum og staðgenglum þeirra í samráði við Ísafjarðarbæ og fyrir hans hönd. Ísafjarðarbær skal ábyrgjast kynningu samningsins við starfsmenn íþróttahúsa og annarra hlutaðeigandi. Kynningin skal fara fram strax eftir undirskrift samningsins. Árlega verður kynning fyrir formenn íþróttafélaga um hlutverk HSV.

Stjórn HSV skal sjá um að samningnum sé framfylgt í hvívetna og geri ráðstafanir ef einstaka félög eða þjálfarar verða brotlegir gagnvart honum.

16. gr.

Eldri samningar falli út.

Með samningi þessum falla úr gildi rammamningar, um byggingu, rekstur og afnot af íþróttamannvirkjum frá 1993 og reglur ÍBÍ og íþrótt- og æskulýðsráðs Ísafjarðar, sem og samningur um Húsaleigu- og æfingarstyrki frá árinu 1994.



**17. gr.
Gildistími.**

Samningur þessi tekur gildi frá undirritun og gildir í fjögur ár. Hvor samningsaðili getur farið fram á endurskoðun samningsins í september ár hvert, fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. Vanefndir svo sem skil á rekstrarskýrslum geta seinkað eða stöðvað greiðslur frá sveitarfélaginu.

Ísafirði, 18. júlí 2007.





F.h. Héraðssambands Vestfirðinga.




F.h. Ísafjarðarbæjar.

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun.

 Lt: 110277-3699
 160671-5489